

32. fundur bæjarstjórnarfundar - lokaðs fundar, haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4, þriðjudaginn 28. nóvember 2023 og hófst hann kl. 18:30.

Fundinn sátu:

Valgarður L. Jónsson forseti bæjarstjórnar, Einar Brandsson 1. varaforseti, Ragnar B. Sæmundsson 2. varaforseti, Guðmundur Ingþór Guðjónsson aðalmaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Jónína Margrét Sigmundsdóttir aðalmaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir aðalmaður, Magni Grétarsson varabæjarfulltrúi, Ragnheiður Helgadóttir varabæjarfulltrúi, Haraldur Benediktsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2311359 - Heiðursborgarar Akraneskaupstaðar

Umræða og e.a. ákvörðun um hvort rétt sé að svipta tiltekin heiðursborgara Akraness þeirri nafnbót.

Í tilefni af nýútkominni bók Guðmundar Magnússonar um ævi sr. Friðriks Friðrikssonar, stofnanda KFUM og KFUK, hefur komið fram vitnisburður manns um að sr. Friðrik hafi leitað á hann. Auk þess hefur fréttaplutningur um fleiri tilvik komið fram.

Sr. Friðrik Friðriksson var gerður að heiðursborgara Akraness 1947 í tilefni þess að þá voru 35 ár frá stofnun KFUM á Akranesi, en sr. Friðrik var um stuttan tíma starfandi prestur á Akranesi.

Bæjarstjórn Akraness er brugðið við að heyra frásögn um að sr. Friðrik hafi brugðist trausti barna og með framferði sínu svert titil heiðursborgara Akraness.

Bæjarstjórn Akraness vísar til bæjarráðs að yfirfara reglur um val heiðursborgara og kanna hvernig slíkt val væri endurskoðað.

Samþykkt 9:0

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:57.

Valgarður L. Jónsson
Ragnheiður Helgadóttir
Guðmundur Ingþór Guðjónsson
Jónína Margrét Sigmundsdóttir
Kristinn H. Sveinsson
Einar Brandsson
Sædís Alexía Sigurmundsdóttir
Magni Grétarsson
Ragnar Sæmundsson
Haraldur Benediktsson
Steinar Adolfsson